

# Kynning á Metal-áskrift með árlegri innheimtu

Um hvað snýst kynningin?

**Hver:** Núverandi viðskiptavinir með Revolut-notendareikninga samkvæmt greiddu Metal-áskriftinni í Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Búlgaríu, Eistlandi, Finnlandi, Hollandi, Íslandi, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Liechtenstein, Litáen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi (**gjaldgengir markaðir**).

**Hvað:** tækifæri til að fá ókeypis aðgang að setustofu (**umbunin Aðgangur að setustofu**).

**Hvenær:** kynningin stendur yfir í tiltekinn tíma (**kynningartímabilið**) sem kemur fram í boðinu sem þú færð um að taka þátt í kynningunnimeð tölvupósti, textaskilaboðum, skilaboðum í forritinu eða tilkynningum í síma (**boðið í kynninguna**).

Þessir skilmálar og boðið í kynninguna kveða á um það hvernig kynningin virkar og fer fram (kynningarskilmálarnir). Þegar þú tekur þátt í kynningunni verður þú ævinlega að hlíta ákvæðunum í þessum kynningarskilmálum, þ.e. [persónulegu skilmálunum](#), [skilmálunum fyrir aðgang að setustofu á flugvelli](#), [skilmálum fyrir greiddu áskriftina](#) og skilmálum fyrir tengd [persónuleg gjöld \(Metal\)](#).

## Skilyrði fyrir þátttöku og áskilin skref

Til að geta fengið umbunina Aðgangur að setustofu **verður** þú að:

- vera með skráð heimilisfang á gjaldgengum markaði,
- vera með Revolut-notendareikning án takmarkana,
- vera áskrifandi að greiddri Metal-áskrift með mánaðarlegri innheimtu og
- hafa fengið boð um að taka þátt í kynningunni.

Áskilin skref eru sem hér segir:

1. Skiptu yfir í árlega innheimtu fyrir greidda Metal-áskrift (til að gera þetta skaltu fara í Revolut-forritið → notandamynd → „áskriftin þín“ „hafa umsjón með“ → og ýta á „sparnaður með árlegri innheimtu“ til að skipta yfir í árlega innheimtu).
2. Haltu árlegri innheimtu á greiddu Metal-áskriftinni þinni í **að minnsta kosti 14 daga eftir að þú skiptir yfir í árlega innheimtu.**

Breytingin úr mánaðarlegri yfir í árlega innheimtu tekur gildi tafarlaust. Næsta innheimtutímabil þitt verður eitt ár frá því að þú skiptir yfir í árlega innheimtu. Ef þú hefur þegar greitt mánaðargjaldið fyrir desember á þeim degi þegar þú gerir breytinguna færðu þá fjárhæð endurgreidda.

Ef þú ákveður að skipta aftur yfir í mánaðarlega innheimtu fyrir lok 14 daga tímabilsins endurgreiðum við þér áskriftargjaldið fyrir eitt ár að fullu. Þú verður hins vegar ekki gjaldgeng(ur) til þátttöku í þessari kynningu og munt ekki fá aðgang að umbuninni Aðgangur að setustofu.

Almennar afturköllunarreglur gilda. Gjald fyrir niðurfærslu Metal-áskriftarinnar þinnar í aðra Revolut-áskriftarleið gæti átt við, eftir því hvaða lögaðili innan Revolut-samstæðunnar útvegar þér Revolut-notandareikninginn þinn, og áskriftin þín gæti einnig verið með lágmarksgildistíma og því ekki hægt að niðurfæra hana á þeim tíma. Frekari upplýsingar er að finna í 11. og 12. hluta í [skilmálum fyrir greiddu áskriftina](#).

## Hvernig fæ ég umbunina Aðgangur að setustofu?

Innan 7 daga frá því að áskildum skrefum er lokið munum við færa umbunina Aðgangur að setustofu inn á Revolut-reikninginn þinn. Þú færð tölvupóst á netfangið sem er skráð á Revolut-reikninginn þar sem þér er tilkynnt að þú hafir aðgang að umbuninni Aðgangur að setustofu. Þú getur fundið umbunina Aðgangur að setustofu í Revolut-forritinu, í hlutanum þar sem fjallað er um slíkan aðgang í Metal-áskriftinni þinni.

Umbunin Aðgangur að setustofu gildir fyrir eina heimsókn og heldur gildi svo lengi sem þú ert með opinn Revolut-reikning.

Ekki er hægt að skipta út, millifæra eða greiða út umbunina Aðgangur að setustofu í reiðufé.

Skilmálunum fyrir aðgang að setustofu á flugvelli gilda um umbunina Aðgangur að setustofu.

## Lagaleg atriði

1. Við kunnum að breyta, stöðva tímabundið eða ljúka kynningunni fyrir framangreindan lokadag ef gild ástæða er til að ætla að kynningin hafi verið misnotuð eða gæti haft neikvæð áhrif á viðskiptavild eða orðspor Revolut, eða við kringumstæður sem ekki er raunhæft að sjá fyrir eða eru ekki undir okkar stjórn og sem gera okkur ókleift að halda áfram með kynninguna. Við gætum gert þetta í hverju landi fyrir sig eða fyrir kynninguna í heild.
2. Ef við þurfum að breyta, stöðva tímabundið eða ljúka kynningunni fyrir lok kynningartímabilsins tilkynnum við það á sama hátt og kynningin var tilkynnt og látum þig vita með fyrirvara í gegnum Revolut-forritið eða með tölvupósti (ef þú ert með kveikt á kjörstillingum fyrir tölvupóst). Breytingar á kynningarskilmálunum hafa ekki áhrif á réttindi þín ef þú hefur þegar tekið þátt í kynningunni. Hafðu samband við þjónustuverið í gegnum Revolut-forritið eða með tölvupósti á [support@revolut.com](mailto:support@revolut.com) ef þú telur þig eiga rétt á tilteknum fríðindum í tengslum við kynninguna sem þú hefur ekki fengið vegna þess að kynningin var stöðvuð tímabundið eða henni lokið snemma.
3. Revolut ber ekki ábyrgð á neinu tjóni sem verður ekki rakið til mistaka eða vítaverðs gáleysis, hvort sem það er beint eða óbeint, vegna atviks sem það hefur ekki stjórn á, og sem veldur því að við getum ekki haldið kynningunni áfram eins og til stóð. Framangreind ákvæði útiloka á engan hátt ábyrgð Revolut samkvæmt almennum ákvæðum í gildandi lögum á þínu svæði.
4. Ef þú lokar Revolut-notandareikningnum þínum eða reikningnum verður lokað tímabundið eða takmarkanir settar á hann áður en þú áttir að fá umbunina Aðgangur að setustofu eða á tímabilinu milli þess sem þú öðlaðist rétt á umbuninni Aðgangur að setustofu og þar til þú fékkst hana kanntu að missa rétt þinn á henni.
5. Revolut þarf að vinna úr persónuupplýsingunum þínum til að uppfylla skyldur okkar samkvæmt þessum kynningarskilmálum. Nánari upplýsingar um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingarnar þínar er að finna í [persónuverndaryfirlýgingu okkar fyrir viðskiptavini](#).
6. Þessir kynningarskilmálar eru birtir á ensku. Í lagalegum málum gildir enska útgáfan nema staðbundin tungumálaútgáfa gildi. Ef staðbundið tungumál á þínum stað skal gilda látum við þig vita í töflunni yfir lögaðila hér að neðan.

Sá lögaðili innan Revolut-samstæðunnar sem útvegar þér Revolut-notandareikninginn þinn sér um skipulag og framboð þessarar kynningar. Ef þú ert með kvörtun vegna þessarar kynningar geturðu sent kvörtunina beint til viðkomandi lögaðila. Upplýsingar um skráð heimilisföng allra lögaðila innan Revolut-samstæðunnar, um gildandi tungumál og um viðkomandi lög og dómstóla sem hafa lögsögu til að skera úr um hugsanleg ágreiningsmál í tengslum við þessa kynningu er að finna hér á eftir. Þú getur borið fyrir þig lögboðnar reglur um neytendavernd í landinu þar sem þú býrð.

<b>Útibú/lögaðili innan Revolut-samstæðunnar</b>	<b>Skráð heimilisfang</b>	<b>Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála</b>	<b>Hvaða dómstólar hafa lögsögu</b>
<b>Revolut Ltd</b>	30 South Colonnade, London E14 5HX, Bretland	Ensk lög	Dómstólar í Englandi og Wales
<b>Revolut Bank UAB</b>	Konstitucijos ave. 21B, 08105 Vilnius, Litáen	Litáísk lög. Enska útgáfan af þessum skilmálum skal gilda umfram ensku útgáfuna og verða notuð í öllum málarekstri.	Dómstólar í Litáen eða dómstólar í hverju því aðildarlandi Evrópusambandsins þar sem þú býrð.
<b>Revolut Bank UAB sem starfar í gegnum útibú sitt á Írlandi</b>	2 Dublin Landings, North Dock, Dublin 1, Írlandi	Írsk lög.	Lögbærir dómstólar á Írlandi.

Útibú/lögaðili innan Revolut-samstæðunnar	Skráð heimilisfang	Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála	Hvaða dómstólar hafa lögsögu
<b>Revolut Bank UAB, Zweigniederlassung Deutschland</b>	FORA Linden Palais, Unter den Linden 40, 10117 Berlín, Pýskaland	Pýsk lög. Pýska útgáfan af þessum skilmálum skal gilda umfram ensku útgáfuna og verða notuð í öllum málarekstri.	Lögbærir dómstólar í Pýskalandi.
<b>Revolut Bank UAB, Sucursal en España</b>	Með skattnúmerið W0250845E, skráð á viðeigandi hátt í fyrirtækjaskrá Madríd í bindi 44863, blaði 1, lið 8, síðu M-789831 og hjá Spánarbanka undir númerinu 1583. Heimilisfangið er Príncipe de Vergara 132, 28002, Madríd (Spáni). Heimilisfangið er Serrano 20, 28001, Madríd (Spáni).	Spænsk lög. Spænska útgáfan af þessum skilmálum skal gilda umfram aðrar útgáfur og verða notuð í öllum lagalegum málarekstri.	Lögbærir dómstólar á Spáni.
<b>Revolut Bank UAB sem starfar í gegnum útibú sitt í Hollandi</b>	Barbara Strozziilaan 201, 1083 HN Amsterdam, Hollandi	Hollensk lög. Hollenska útgáfan af þessum skilmálum skal gilda og verða notuð í öllum	Lögbærir dómstólar í Hollandi.

<b>Útibú/lögaðili innan Revolut-samstæðunnar</b>	<b>Skráð heimilisfang</b>	<b>Lögin sem gilda um þessa kynningarskilmála</b>	<b>Hvaða dómstólar hafa lögsögu</b>
		lagalegum málarekstri.	
<b>Revolut Bank UAB sem starfar í gegnum útibú sitt í Belgíu</b>	Silver Square, Sq. de Meeûs 35, 1000 Brussel, Belgíu	Belgísk lög. Franska og hollenska útgáfan af þessum skilmálum skulu gilda og verða notaðar í öllum lagalegum málarekstri.	Lögbærir dómstólar í Belgíu.